

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2014, föstudaginn 27. júní var haldinn 208. fundur íþróttá- og tómsundaráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi, Hofi 7. hæð og hófst hann kl. 11:30. Viðstöðd voru: Þórgnýr Thoroddsen formaður, Eva Einarssóttir, Eva Baldursóttir, Tomasz Chrapek, Trausti Harðarson, Marta Guðjónssóttir og Björn Gíslason varamaður fyrir Kjartan Magnússon. Einnig: Hermann Valsson áheyrnarfulltrúi, Ómar Einarsson sviðsstjóri og Helga Björnsóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 18. júní þar sem tilkynnt er um kjör í íþróttá- og tómsundaráði til loka kjörtímabilsins á fundi borgarráðs 18. júní.
2. Samþykkt samhljóða að Eva Einarssóttir verði varaformaður.
3. Lögð fram eftirfarandi tillaga íþróttá- og tómsundaráðs:

Með vísan til 4. gr. samþykktar um íþróttá- og tómsundaráð þar sem segir m.a.: „Íþróttá- og tómsundaráð getur heimilað setu áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt samkvæmt nánari ákvörðun ráðsins.“ Samþykkir íþróttá- og tómsundaráð að heimila fulltrúa ÍBR setu á fundum ráðsins eins og verið hefur.

Samþykkt samhljóða.
4. Lagt fram bréf ÍBR dags. 25. júní sl. vegna áheyrnarfulltrúa. Ingvar Sverrisson verður áheyrnarfulltrúi ÍBR og Frímann Ari Ferdinandsson til vara. Samþykkt að Þórgnýr Thoroddsen verði áheyrnarfulltrúi íþróttá- og tómsundaráðs í ÍBR.
5. Lagður fram listi yfir fundartíma íþróttá- og tómsundaráðs fram að áramótum.
6. Lagður fram til kynningar samstarfssáttmáli meirihlutans. Lögð fram eftirfarandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina:

Í samstarfssamningi meirihlutans kemur skýrt fram að ekki er mikill metnaður lagður í íþróttá- og tómsundamálin. Reykjavík er orðin eftirbátur nágrannaveitarfélaganna þegar kemur að uppbyggingu og viðhaldi eins og dæmin sanna þegar reykvisk börn þurfa að sækja sundkennslu til annarra sveitarfélaga. Uppbygging íþróttamannvirkja í Úlfarsárdal hefur dregist allt of mikið á langinn og knýjandi þörf er að bæta aðstöðuna í Grafarvogi. Það sýnir ekki mikinn metnað að börn og unglingar í Grafarholti og Úlfarsárdal þurfa að sækja sundkennslu til annarra sveitarfélaga og ekki gert ráð fyrir að íþróttamannvirki þar verði tilbúin fyrir en árið 2017.
7. Lögð fram skýrsla starfshóps um frístundaakstur félaganna 2010-2013.
8. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. júní sl., þar sem fram kemur að borgarráð vísí erindi Kramhússins m.a. til umsagnar íþróttá- og tómsundaráðs. Íþróttá- og tómsundaráð telur að verkefnið sé jákvætt og forsendur þess jafnframt. Ráðið hefur lagt áherslu á að auka fjölbreytni tómsundatilboða í þeim hverfum sem verkefnið tekur til og ná til barna af erlendum uppruna. Er það samdóma álit ráðsins að verkefnið slái því tvær flugur í einu höggi. Ráðið vill benda á að samkvæmt forsendum verkefnisins er það tækt til aðildar að frístundakortinu.
9. Rætt um fjárhagsáætlun 2015.

Fundi slitið kl. 12:55

Þórgnýr Thoroddsen

Eva Einarssóttir
Tomasz Chrapek
Marta Guðjónssóttir

Eva Baldursóttir
Trausti Harðarson
Björn Gíslason